

Ársskýrsla 2004

Bókasafn Akraness er almenningubókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Bókasafnið er til húsa að Heiðarbraut 40 og deilir húsnæðinu með héraðsskjalasafni. Safnið starfar samkvæmt lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997.

Afgreiðslutími safnsins breyttist þann 1. október og hann lengdur úr 39 klst. á viku í 42 klst. Yfir sumarið var opið aðeins skemur eða í 35 klst á viku.

Bókasafnið var opið: mánudag - fimmtudaga kl. 11- 19 ;

föstudaga kl. 11 – 18

og laugardaga kl. 11-14 (október – apríl).

Safnið var opið í 268 daga á árinu. Það eru heldur færri dagar en fyrri ár, en loka varð safninu í 11 virka daga vegna viðgerðar á húsnæði og kerfisbreytinga.

Þjónustusvæði safnsins er Akranes og nágrennasveitarfélög.

Íbúafjöldi þann 1. des. 2004 var 6.216 (5.582) íbúar.

Akranes: 5.655 (5.582)

Hvalfjarðarstrandahreppur: 147 (154)

Innri-Akraneshreppur: 117 (121)

Leirár- og Melahreppur: 130 (132)

Skilmannahreppur: 167 (152)

Tölur í sviga eiga við árið 2003.

Stjórn safnsins.

Bókasafnið heyrir undir menningar- og fræðsluvið. Sviðsstjóri er Helga Gunnarsdóttir.

Menningarmála- og safnanefnd skipa: Hrönn Ríkharðsdóttir formaður, Inga Ósk

Jónsdóttir, Jón Gunnlaugsson, Jósef H. Þorgeirsson og Sigríður Gróa Kristjánsdóttir.

Málefni bókasafnsins var á dagskrá á sjö fundum á árinu.

Starfsfólk.

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði safnsins á árinu.

Ragnheiður Þórgrímsdóttir lét af störfum sem deildarstjóri. Í hennar stað var ráðinn Jón Sævar Baldvinsson og starfaði hann við safnið til ársloka.

Annað starfsfólk voru bókaverðirnir Auður Sigurðardóttir, Hafdís Daníelsdóttir,

Ingibjörg Þóroddsdóttir og Sigríður Beinteinsdóttir og Halldóra Jónsdóttir forstöðumaður.

Ásta G. Ásgeirsdóttir bókavörður var í veikingdafrí síðari hluta ársins.

Við sumarafleysingar starfaði Thelma Guðmundsdóttir, en hún vann einnig á laugardagsvöktum yfir vetrartímann.

Bókasafnið fékk úthlutað sex mánaða sérverkefni vegna innleiðingar á nýju bókasafnskerfi, Gegnir.

Í árslok störfuðu 7 manns við bókasafnið í 5.52. stöðugildum.

Endurmenntun

Einn bókavörður lauk námi í bókasafnstækni frá Borgarholtsskóla. Var hún á meðal 23 nemenda sem stundað hafa dreifnám í bókasafnstækni á upplýsinga- og fjölmiðlabraut síðastliðin tvö ár.

Pá sóttu bókaverðir og bókasafnsfræðingar námskeið hjá Landskerfi bókasafna vegna innleiðingar á bókasafnskerfinu Gegnir.

Lánþegar

Bókasafnið tók í notkun bókasafnskerfið Gegnir þann 8. nóvember.


Um áramót voru skráðir lánþegar 879 skráðir í nýja kerfið, en um áramótin 2003 voru virkir lánþegar 2022.

Útlán

Útlán á árinu voru 54.415 (59.121) sem er heldur minna en árið áður. Þess ber að geta að hluti safnganga var ekki tiltækur til útlána vegna kerfisbreytinga á árinu. Lánþegar höfðu t.d. aðgang að verulegum hluta tímarita eingöngu á staðnum en ekki til útlána síðari hluta ársins.

Útlán 2004

	Gegnir	Mikromark	Höfði	Samtals
Bækur	5.790	36.728	249	42.767
Hljóðbækur	441	1669	72	2.182
Tónlist	55	403		458
DVD	67	462		529
Myndbönd	131	2.079		2.210
Tímarit	636	5.633		6.269
Samtals	7.120	46.974	321	54.415



Þjónusta við sjúklinga

Bókasafnið err með þjónustusamning við Sjúkrahús Akraness sem felur í sér að safnið sér um bókasafnsþjónustu við sjúklinga tvisvar í viku.

Útlán voru 1773 (1736) bindi til 905 (827) lánþega.

Að jafnaði notfærðu sér nú sjúklingar bókasafnsþjónustuna í hvert sinn.

Bókin heim

Bókin heim lánaði 1884 (1748) safngögn til skjólstæðinga sinna. Bókavörður fer tvisvar í viku til þeirra sem vegan aldurs eða sjúkleika treysta sér ekki að koma á bókasafnið. Um áramótin voru um tólf einstaklingar sem þáðu þjónustuna Bókin heim.

Skipalán

Bækur og annað safnefni er lánað er reglulega í þrjú skip.

Sögustundir - safnkynningar

Sögustundir eru yfir vetrarmánuðina á miðvikudögum kl. 15.00-15.45

Að jafnaði komu um 11 börn í sögustund.

Í október var haldið upp á alþjóðlegan bangsadag. Börnin tóku þátt í getraun og bangsaverðlaun voru veitt.

Sögustundir voru alls 26 og heildarfjöldi barna í sögustund var 298(399)*.

Að venju komu öll börn í 4. bekk grunnskólans í safnkynningu.

Útibúið að Höfða

Bókasafnið að Höfða er opið einu sinni í viku. Það eru 3-4 íbúar sem nota safnið þar reglulega. Safnið fær hljóðbækur frá Blindrabókasafninu sem tveir íbúar notuðu.

Bókaútlán voru samtals 249 (516), langmest skáldsögur.

Safnkostur

Skipt var um bókasafnskerfi á árinu. Skráð eintök í MikroMarc (lagt niður 31. okt. 2004) voru 46.093. Safnkostur var eintakatengdur og um áramótin voru 23.801 eintök skráð í Gegni.

Erfitt er að segja til um fjölda binda í bókasafninu fyrr en á næsta ári, er yfirfærslu lýkur.

Aðföng á árinu voru 1200 bækur, afskrifaðar bækur 535.

Bækur í Haraldssafni eru um 4.000.

Ný myndbönd og DVD diskar voru 68 eintök.

Gjafir

Safnið þakkar velunnurum sínum fyrir allar þær góðu bókagjafir sem bárust á árinu. Á árinu barst safninu tvö málverk að gjöf. Hilmar Hálfðánarson gaf verk eftir Bjarna Þór, *Frá Laugavatni*. Hreinn Árnason og frú gáfu verk eftir Guðbjart Þorleifsson, *Vitinn á Suðruflös*.

Tölvur

Safngestir hafa aðgang að fimm tölvum. Þrjár eru svokallaðar netkaffitölvur og tvær eru til að leita í Gegni. Þá er þráðlaust netsamband á 2.hæð, m.a. í Svöfusal.

Svöfusalur

Í Svöfusal, námsveri fullorðinna stunduðu nemendur fjarnám frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands.

Fjöldi nemenda:

Á vorönn 16 nemendur fjarnám frá H.A. og 2 frá H.Í.

Á haustönn 28 nemendur fjarnám frá H.A. og 1 frá H.Í.

Námskeið í Svöfusal

Símenntunarmiðstöð Vesturlands skipuleggur námskeið og notfærir sér fjarfundabúnað í nokkrum tilvikum. Á árinu voru 5 námskeið og fundir haldnir í Svöfusal.

Gegnir - nýtt sameiginlegt kerfi fyrir íslensk bókasöfn

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað 14. nóvember 2001 og fékk það hlutverk að annast rekstur hins nýja bókasafnskerfis. Eigendur félagsins eru ríkissjóður, sem á rúman helming hlutafjár, og um 45 sveitarfélög sem skipta með sér hlutafé í hlutfalli við íbúafjölda. Í stjórn félagsins sitja tveir fulltrúar ríkisins og tveir fulltrúar sveitarfélaga, og eru starfsmenn fjórir.

Markmið kerfisins er að tryggja landsmönnum aðgang að bókfræðilegum upplýsingum sem nýtast í námi, starfi og leik. Kerfið byggir á einni sameiginlegri skrá sem notendur leita í, annaðhvort á safni eða á Netinu. Kerfið mun geta þjónað öllum landsmönnum, það getur hýst upplýsingar um tvær milljónir titla, fimm milljónir eintaka og fimm milljónir útlána á ári. (*vefsíða Landskerfis bókasafna 26. mars. 2005*)

Gegnir var tekinn í notkun á Bókasafni Akraness þann 8. nóvember

Bókasafnið hafði áður notað MikroMarc bókasafnskerfið og var ákveðið að flytja gögnin ekki rafrænt yfir í nýja kerfið, heldur mynda nýjar færslur fyrir eintök safnsins á grundvelli bókfræðiupplýsinga sem þegar voru komnar í kerfið. Innleiðingin hófst í marsmánuði. Starfsfólk sótti námskeið hjá landskerfinu og lagði á sig mikla vinnu við tengingu ganga og frágang. Safnið notaði tækifærið til að endurskoða skipulag safndeilda og einnig var safnkostur grísjáður.

Sýningar í anddyri

- Sýning á handavinnu skólstæðinga Fjöliðjunna, vinnu- og hæfingarstaðar. Þar á meðal var perlusaumur eftir Kristjönu Björnsdóttur.
- Í ágúst var sýning á verðlaunagripum og viðurkenningum Kolbrúnar Ýrar Kristjánsdóttur sundkonu úr Sundfélagi Akraness og Íþróttamanns ársins 2003. Sýningin stóð yfir meðan Kolbrún Ýr keppti á Olympíuleikunum í Aþenu og fram í september.
- Á Vökudögum var sett upp sýning á *Bókum með efni frá Akranesi og Borgarfirði*. Sýning í samvinnu við Braga Þórðarson bókaútgefenda.
- Jólakortasýning úr safni Jóhönnu Þorgeirsdóttur. Þema sýningarinnar var kirkjur.

Að lokum

Á árinu var skipaður starfshópur sem skal leggja fyrir bæjarráð tillögur um framtíðarstefnu í húsæðismálum bókasafnsins og skjalasafsins og eru niðurstöður væntanlegar í upphafi ársins 2005.

Helsta verkefni ársins var tenging safnkostsins í bókasafnskerfið Gegnir. Kerfið var tekið í notkun 8. nóvember. Áætlað er að verkefniinu ljúki á árinu 2005.

Bókasafn Akraness rekur uppruna sinn til Lestrarfélagssins í Akraneshreppi, er stofnað var að Görðum 6. nóvember 1864. Hundrað og fjörutíu ár voru liðan frá stofnum þess á árinu.

30. mars 2005

Halldóra Jónsdóttir